

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samkvæmt 187 lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist 9. nóv. til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. nóvember 1942.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

188

um breytingar á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Bíldudalskaupþúni 10. nóv.
í Suðurfjarðahreppi, nr. 117 8. júlí 1940.

2. gr. hljóði svo:

Alla virka daga skal sölubúðum, sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, að undanteknum föstudögum, en þá skal lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis. Eigi skal opnað fyrr en kl. 8 árdegis.

Undantekningar skulu þó vera þær, er nú skal greina:

Á tímabilinu frá 15. maí til 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 1 eftir hádegi.

Á tímabilinu frá 16. september til 15. maí skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 5 eftir hádegi.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardagana fyrir páska og hvítasunnu skal sölubúðum eigi lokað síðan en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 10 síðdegis.

Afgreiðslur vöruskipa eru undanþegnar þessum ákvæðum, meðan ferming og afferming stendur yfir, en að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar þær, sem og sölustaði jafnt og sölubúðir.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. nóvember 1942.

F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.